

Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Keldur og nágrenni, verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismat

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts gerir ekki athugasemdir við einstaka þætti þeirrar skipulagslagstillögu sem lögð hefur verið fyrir ráðið um uppbyggingu á Keldnalandi, ef frá eru taldar samgöngur til og frá svæðinu. Ráðið telur einsýnt að auka verði framboð á íbúðarhúsnæði í ljósi þess skorts sem ríkir á þeim markaði og jafnframt að slíkt krefjist að brotið sé nýtt land undir byggð.

Ráðið telur engu að síður að forsenda fyrir jafn fjölmennri byggð í austurluta borgarinnar, sem bætist ofan á aðra uppbyggingu í borgarlutanum, sé stóraukin uppbygging samgönguinnviða. Á það við um almenn umferðarmannvirki jafnt sem almenningssamgöngur.

Umferðarpunginn á stofnæðum borgarinnar er þegar orðinn óviðunandi. Forsenda jafn mikillar fjölgunar íbúa og uppbyggingar í austurluta borgarinnar er því sú að staðið verði við samgönguáætlun höfuðborgarsvæðisins og raunar gott betur en það. Þannig hljóta umferðarmannvirki á borð við Sundabraut að verða sett í sérstakan forgang því erfitt að sjá hvernig Vesturlandsvegur eigi einn að anna umferð frá jafn fjölmennri byggð til viðbótar því sem þegar er. Í því samhengi þarf einnig að horfa til nýrrar íbúabyggðar á Ártúnshöfða og enn frekari uppbyggingar í Úlfarsárdal.

Í ljósi þess að Árbær og Norðlingaholt falla utan grunnets Borgarlínu samkvæmt núverandi skipulagi, leggur íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts áherslu á uppbyggingu annarra umferðamannvirkja til samgöngubóta fyrir hverfið. Loks telur íbúaráðið mikilvægast að við hönnun byggðar á Keldnalandi verði horft með raunsæjum hætti til þess sem vænta má frá slíku hverfi á Íslandi hvað varðar notkun einkabílsins til móts við almenningssamgöngur.